

Sp.

22. Tillaga til þingsályktunar

[22. mál]

um innflutning landbúnaðarvéla.

Flm.: Ingólfur Jónsson, Jón Sigurðsson, Jón Pálmason, Stefán Stefánsson, Sigurður Bjarnason, Eiríkur Einarsson, Þorsteinn Þorsteinsson, Pétur Ottesen, Gunnar Thoroddsen.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að á næsta ári verði fluttar til landsins ekki færri en 500 smærri dráttarvélar, svo og aðrar búvélar, eftir því sem þörf krefur. Enn fremur skurðgröfur og jarðýtur, svo fullnægt verði þörfum ræktunarsambanda og búnaðarfélaga fyrir þessar stórvirku vélar. Jafnframt verði séð fyrir nægilegum varahlutum.

Greinargerð.

Hin síðari ár hefur verið mikil eftirspurn eftir dráttarvélum og öðrum landbúnaðarvélum. Á annað þúsund pantanir á dráttarvélum frá bændum landsins munu liggja fyrir í þeim stofnunum, sem hafa með höndum sölu og dreifingu slíkra véla. Einnig er mikil eftirspurn eftir jarðýtum, skurðgröfum og öðrum landbúnaðarvélum, sem bændum er nauðsynlegt að fá. Eins og högum er nú háttað í sveitum landsins, er nauðsynlegt að hraða innflutningi búvéla. Landsfundur sjálfstæðismanna, sem haldinn var á Akureyri s. l. vor, gerði mjög merka ályktun í þessu efni. Í þeirri ályktun var samþykkt, að flokkurinn beitti sér fyrir, að á næstu þremur árum yrðu fluttar inn ekki færri en 1500 smærri dráttarvélar og aðrar landbúnaðarvélar, eftir því sem þörf krefur. Tillaga þessi er flutt í samræmi við fyrrnefnda ályktun. Þeir bændur, sem hafa verið svo lánsamir að fá nægileg tæki til ræktunar og framleiðslu landbúnaðarafurða, dásama mjög þýðingu þeirra fyrir landbúnaðinn og telja sig ómögulega geta án þeirra verið. En þeir bændur eru miklu fleiri, sem enn vantar nægileg landbúnaðartæki, og það er vissulega ekki þýðingarminna fyrir þá, að innflutningur verði leyfður á landbúnaðarvélum í stórum stíl, svo að bændum verði almennt gefinn kostur á að afla sér tækjanna. Með tillögu þessari er farið fram á, að ríkisstjórnin hlutist til um, að fluttar verði til landsins á næsta ári 500 smærri dráttarvélar, auk annarra nauðsynlegra ræktunar- og búvéla til landbúnaðarins. Með innflutningi vélanna veitist landbúnaðinum betri aðstaða og bætt skilyrði til framleiðslu og ræktunar. Ræktun landsins, aukin véltækni, bætta samgöngur, húsabætur og rafmagn er það, sem enn vantar allt of víða í sveitunum. Þar, sem þessi þægindi eru ekki fyrir hendi, vill fólkið ekki vera. Það er nauðsynlegt að gera sér þetta ljóst, áður en það er of seint. Undanfarið hefur þjóðin flutt inn smjör og kartöflur fyrir fleiri milljónir króna. Um þessar mundir fer fram naum mjólkurskómmtnun í kaupstöðum landsins, vegna þess að of lítið er framleitt af mjólk. Þetta eru allt eðlilegar afleiðingar af þróun síðari ára. Fólkinu fjölgar stöðugt í kaupstöðum landsins, þó sérstaklega í Reykjavík, en fækkar að sama skapi í sveitunum. Það er ljóst, að hér er þjóðfélagslegur háski á ferðum, sem verður að afstýra með djörfu átaki og miklum framkvæmdum. Innflutningur landbúnaðarvéla í stórum stíl er einn liður í þeim aðgerðum, og því er tillaga þessi flutt.